

**Ítarleg svör framboða á landsvísu við spurningum forvarnarsamtaka um afstöðu til nikótínþúða og ÁTVR. Spurningar voru sendar í lok október 2024 og svör bárust fyrri hluta nóvember 2024.**

**1. Svör við spurningunni: Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?**

**Flokkur fólksins** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Já. Við viljum efla forvarnir og setja strangari viðurlög við því að selja börnum nikótínþúða.

**Framsókn** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Framsókn leggur áherslu á að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna til vernda heilsu þeirra og koma í veg fyrir að þau þrói með sér fíkn. Framsókn telur að fella eigi rafrettur og aðrar nikótínvörur undir sömu lög og tóbaksvörur líkt og gert hefur verið í flestum Evrópulöndum. Þá er mikilvægt að ná til barna og ungmenna með fræðslu um skaðsemi nikótíns með það að markmiði að draga úr notkun.

**Samfylkingin** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Það er lýðheilsugal að stemma stigu við notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna. Neysla nikótínþúða hefur vaxið hratt hér á landi og rannsóknir sýna að nú neytir allt að þriðjungur framhaldskólanema á aldrinum 16–18 ára þúðanna. Mikilvægt er að takmarka aðgengi barna og ungmenna að nikótínþúðum með takmörkunum á markaðssetningu s.s. með því að draga úr sýnileika og aðgengi. Að mati Samfylkingarinnar er virkt forvarnarstarf og fræðsla um skaðsemi neyslu nikótínþúða þó áhrifaríkasta leiðin til að draga úr notkun nikótíns.

**Sjálfstæðisflokkurinn** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Já, Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna. Flokkurinn leggur áherslu á vernd heilsu ungs fólks og vill koma í veg fyrir aðgengi þeirra að nikótínvörum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að markviss fræðsla og forvarnir séu lykilþáttur í því. Aukin fræðsla í skólum og samfélaginu öllu um skaðsemi nikótíns og að hvatt sé til heilbrigðs lífsstíls skiptir miklu máli sem og haldgóðar reglur sem koma í veg fyrir sölu nikótínþúða til einstaklinga undir lögbundnum aldri.

**Sósíalístaflokkurinn** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Já.

Með því að takmarka aðgengi barna og ungmenna að skaðlegum vörum

**Vinstri græn** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Já, það er mjög nauðsynlegt. Breytt neyslumynstur ungmenna á seinustu árum þar sem farið hefur saman neysla á tóbaki, rafrettum og nikótínþúðum hefur er mikið áhyggjuefni. Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að neysla af nikótínvörum er skaðleg og sérstakt áhyggjuefni þar er að magn nikótíns sem verið er að neyta hefur aukist verulega.

Fyrsta skrefið var að sjálfsögðu að setja aldurstakmark á kaup og sölu þessara vara, en Svandís Svavarsdóttir lagði fram frumvarp um rafrettur í sinni tíð sem heilbrigðisráðherra, sem var svo fylgt eftir í fráfaraandi ríkisstjórn með því að tengja slíkar takmarkanir við allar nikótínvörur.

En mikilvægt er að fylgja þessu eftir með skipulögðu forvarnarstarfi líkt og gert var með góðum árangri með tóbak á sínum tíma. Einnig þarf að takmarka markaðsetningu þessara vara, sérstaklega þegar þeim er augljóslega beint að ungu fólki og auka eftirlit með sölu og dreifingu.

**Viðreisn** Telur flokkur þinn rétt að stemma stigu við aukinni notkun nikótínþúða meðal barna og ungmenna? Ef já, til hvaða aðgerða viltu að stjórnvöld grípi?

Nikótín á ekkert erindi til barna. Það er sjálfsagt og eðlilegt að framfylgja lögum og reglum sem banna að selja börnum slíkar vörur og beina auglýsingum að þeim.

## **2. Svör við spurningunni: Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?**

**Flokkur fólksins** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Nei

**Framsókn** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Framsókn vill viðhalda einkasölufyrirkomulagi ríkisins á áfengi, enda byggir það á lýðheilsu- og samfélagsrökum sem felast í að takmarka aðgengi og draga þannig úr skaða af völdum neyslu áfengis. Rannsóknir á sviði lýðheilsu mála hafa sýnt að takmarkanir á aðgengi að áfengi eru meðal öflugustu forvarnaraðgerða sem við eigum og hefur verið staðfest að þær hafa áhrif til að draga úr neyslu áfengis.

**Samfylkingin** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Samfylkingin hefur það ekki á stefnuskrá sinni að leggja niður ÁTVR og heimila sölu í almennum verslunum. Samfylkingin hefur stutt einkaleyfi ÁTVR á grundvelli lýðheilsusjónarmiða en studdi þó breytingar sem heimiluðu smærri framleiðendum smásölu á áfengi á framleiðslustað. Nauðsynlegt er að skera úr um lögmæti netverslunar með áfengi hér á landi og skýra heimildir einkaaðila til netsölu á áfengi.

**Sjálfstæðisflokkurinn** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Já, Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi talað fyrir því að afnema ríkiseinokun á áfengissölu og leyfa sölu áfengis í almennum verslunum. Að mati Sjálfstæðisflokksins á ekki að skipta máli hver fer með sölu áfengis enda hefur aðgengi að áfengi aukist til muna á síðustu árum þrátt fyrir einokunarverslun ríkisins á áfengi með fleiri útibúum ÁTVR og stórauðni vöruúrvali.

Þó leggur flokkurinn áherslu á að sala áfengis fari fram með ábyrgum hætti og reglum sé fylgt til að vernda lýðheilsu og koma í veg fyrir misnotkun, sérstaklega meðal ungs fólks.

## Sósíalístaflokkurinn

Nei.

**Vinstri græn** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Vinstri græn hafa alla tíð staðið með ÁTVR. Við erum alfarið á móti sölu áfengis í almennum verslunum, hvort sem það eru matvöruverslanir eða netverslun. Við lítum svo á að ÁTVR leiki mikilvægt hlutverk í lýðheilsu landsmanna, ekki síst barna og ungmenna, og að takmarkanir á aðgengi að áfengi séu samfélaginu til góða. Og í raun að það sé engum í raun til ama að þurfa að fara í sérverslun eftir áfengi.

**Viðreisn** Vill flokkur þinn að ÁTVR verði lagt niður og áfengið selt í almennum verslunum?

Við treystum fólki og viljum aukið frelsi í verslun með áfengi. Viðreisn telur að afnema eigi einkaleyfi ÁTVR til þess að selja áfengi í smásölu. Viðreisn telur að einkaaðilum sé mjög vel treystandi til þess að annast sölu áfengis og að fara að lögum og reglum sem um slíka sölu gilda, s.s. um lágmarksaldur þeirra sem mega kaup áfengi.